



Ársskýrsla Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar 2023

Almenn starfsemi

Stefna Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar er að slökkviliðið sé alltaf tilbúið til útkalla. Við erum björgunarlið fyrir alla bæjarbúa og gesti.

Fjórir starfsmenn eru í fullu stafi hjá slökkviliði Ísafjarðarbæjar. Þeir sinna öllum störfum sem koma inn á borð slökkviliðs, s.s. sjúkraflutningum, eldvarnareftirliti og slökkvitækjaþjónustu. Auk þess skipuleggja þeir æfingar og endurmenntun fyrir aðra slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn.

Í slökkviliði eru starfandi 55 slökkviliðsmenn, 25 á Ísafirði, og tíu á hverri útstöð á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri.

Einnig eru sex slökkviliðsmenn í Súðavík og 25 í Bolungarvík sem eru í umsjá Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar.

Starfsstöðvar sjúkraflutninga eru tvær; á Ísafirði og Þingeyri. Þrjár sjúkrabílar eru á Ísafirði og einn á Þingeyri.

Á haustdögum var haldinn starfsdagur slökkviliðs og þar eru línur lagðar fyrir næsta starfsár, auk þess að leggja fram innkaupalista og æfingaáætlun slökkviliðs. Æfingar slökkviliðs fara fram einu sinni í mánuði og íþróttaæfingar fara fram tvisvar í viku undir stjórn þjálfara.

Á útstöðvum eru æfingar undir stjórn þjálfunarstjóra.

Heimsóknir eru alltaf þó nokkrar til slökkviliðsins, sérstaklega yfir sumarið. Þá koma gestir af skemmtiferðaskipum, flestir af þeim eru slökkviliðsmenn eða fyrrverandi slökkviliðsmenn.

Almannavarnir

Sameinuð nefnd Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurrepps

Haust- og vorkundir eru haldnir í sameinaðri almannavarnarnefnd Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurrepps, samkvæmt lögum um almannavarnir.

Heimsókn var farið á Patreksfjörð þar sem skoðuð voru ummerki eftir krapaflóð í bænum. Rætt við lögreglu og bæjarráðsmenn.

Ný stjórnstöð almannavarna í Guðmundarbúð var vígð formlega árið 2023 og boðið upp á kaffisamsæti.

Veðurviðvaranir voru á svæði slökkviliðsins í janúar, febrúar og mars, eins og eru á hverju ári, ýmist gular eða appelsínugular. Ekki kom þó til að manna þyrfti aðgerðastöð almannavarna.

Bréf var sent á Bolungarvíkurkaupstað og þeim boðið að vera með í sameiginlegri nefnd um almannavarnir.

Slökkvistöðvar

Slökkvistöðin á Ísafirði

Við úttekt Eflu verkfræðistofu á stöðinni á Ísafirði, sem fram fór á sumarmánuðum kom í ljós mygla á nokkrum stöðum í húsnæðinu. Margra ára leki og raki er að skila sér í myglu í veggjum og þaki og er víða um stöðina.

Bæjarráðsmenn eru að meta hvað skal gera í þessari stöðu.

Mjög mikil þörf er á nýrri slökkvistöð þar sem núverandi stöð uppfyllir á engan hátt nútíma kröfur og nú einnig vegna myglu.

Slökkvistöð Suðureyri

Slökkvistöðin á Suðureyri er komin til ára sinna og þörf er á viðhaldi þar.

Heilsueftirlit slökkviliðsmanna

Undir stjórn hjartasérfræðings eru allir slökkviliðsmenn teknir í blóðprufu, læknisskoðun og hjartalínurit. Heilsuefling er að aukast og læknisskoðun að verða viðameiri hjá öllum starfsmönnum.

Reykkafarar skulu standast þrekpróf sem tekið er af þjálfara slökkviliðs og fá þá greitt þrekálag.

Fjórða Covid-19 bólusetningin auk hinnar árlegu flensubólusetningar var í boði fyrir slökkviliðsmenn.

Eldvarnareftirlit

Auknar kröfur eru gerðar á eldvarnareftirlitsmenn og fasteignaeigendur. Árlega er gefin út skoðunaráætlun og eru fyrirtæki heimsótt og skoðuð. Sum á hverju ári en önnur á fjögurra ára fresti, fer eftir hvaða starfsemi er rekin í fasteigninni og hversu margir starfsmenn og eða gestir geta verið í rýminu í einu.

Umsóknir sem berast frá sýslumanni skipta tugum á ári. Góð samvinna er á milli slökkviliðsins og byggingarfulltrúa Ísafjarðarbæjar, byggingarfulltrúa Bolungarvíkurkaupstaðar, slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og Eflu verkfræðistofu.

Farið var í eldvarnarskoðun í inndjúp sem ekki hefur verið gert í nokkur ár.

Ný lög voru samþykkt frá Alþingi rétt fyrir jól sem veitir slökkviliðum auknar heimildir til skoðunar, bæði í atvinnuhúsnæði, óleyfisbúðum og heimilum.

Reglugerðar og kynningar vegna aukinnar heimildar slökkviliða og eldvarnareftirlits vegna óleyfisbúða í atvinnuhúsnæði er að vænta frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun fljótlega á nýju ári.

Slökkvitækjajónusta

Seld og yfirfarin slökkvitæki er stór þáttur í starfsemi Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar, bæði fyrir heimili, skip og bíla.

Útköll slökkviliðs

Útköll slökkviliðs á árinu voru 33, með mismiklum forgangi.

Enginn stóreldur eða stórtjón var á svæði slökkviliðsins árið 2023. Er þar þakkað öflugu eldvarnareftirliti og auknum forvörnum á heimilum.

Árlegar rýmingaræfingar voru í grunn- og leikskólum.

Útköll voru vegna umferðarslysa, leka hættulegra efna, aðstoðar við sjúkrabíl, elds í rusli og gróðri og annarrar aðstoðar við fyrirtæki og stofnanir.

Slökkvilið

Bílamál slökkviliðs eru sífellt í endurskoðun. Endurnýjunar er þörf á tveimur þjónustubílum. Slökkvilið og áhaldahús/garðyrkjudeild eru með sameiginlegan sendibíl og skiptist notkunin þannig að slökkviliðið er með bílinn í átta mánuði og garðyrkjudeild í fjóra mánuði.

Viðhald á bílum er stór kostnaður á hverju ári. Allir bílar slökkviliðsins eru að eldast og brýnt er að ráðast í innkaup nýjum eða notuðum 10 tónna vatnstankbíl. Þetta verður bíll númer eitt í gróðureldum sem eru alltaf að verða stærri ógn. Kaupin eru komin inn á framkvæmdaáætlun.

Aðstoð var veitt slökkviliði Vesturbyggðar vegna stórelds hjá Artic fish á Tálknafirði.

Nokkur vinna var hjá slökkviliði vegna vökvunar á sandi á landfyllingu á Suðurtanga á Ísafirði, þegar sandurinn fór af stað í miklum vindi.

Mikil þörf var á styrkingu á brunavörnum á tjaldsvæðum. 25 lítra léttvatnsslökkvitæki var keypt og sett inn í Tunguskóg í Skutulsfirði. Einnig voru svipuð tæki sett á tjaldsvæði á Þingeyri, Flateyri og Bolungarvík.

Áramótabrennur voru á okkar starfssvæði. Eingöngu er brennt hreint timbur og við skoðun á nýársdag brunnu brennurnar vel, veður var mjög gott um kvöldið. Allir bæjarkjarnar hjá Ísafjarðarbæ hafa sínu brennu.

Sjúkraflutningar

Fækkun var í öllum flokkum sjúkraflutninga á árinu. Engin sérstök skýring er á þessari fækkun en mikil aukning árið áður er helsta skýringin.

467 flutningar voru á árinu.

- F-1 útkall í hæsta forgangi: 66
- F-2 útkall á forgangi: 91
- F-3/F-4 almennir sjúkraflutningar: 310

Læknir frá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða kemur með í flest F-1 forgangs útköll. Slökkvilið þakkar læknum á heilbrigðisstofnuninni fyrir þeirra framlag til sjúkraflutninga á árinu.

Öll útköll hjá slökkviliði, sjúkrabílum og vettvangsliðum fara í gegnum Neyðarlínu 112.

Fjöldi sjúkraflutninga á sjúkrabíl á Þingeyri voru 29.

Skíðavikan, Fossavatns-skíðagangan og Hlaupahátíðin á Vestfjörðum eru stórar hátíðir á svæði slökkviliðsins, er þá sett inn auka bakvakt á sjúkrabíl.

Lokaorð

Margar áskoranir eru fyrir Slökkvilið Ísafjarðarbæjar en fjármálin eru þar stærst. Forgangsráða þarf nokkrum sinnum yfir árið.

Reglugerðabreytingar sem koma reglulega frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun vegna mála sem snúa beint að slökkviliðum þarf að uppfylla eftir bestu getu. Einnig eru bundin í kjarasamninga mál sem auka útgjöld slökkviliða, t.d. símagreiðslur og þrekálag.

Covid-19 er ennþá til staðar og ber okkur öllum að passa upp á persónulegar sóttvarnir.

Slökkviliðsstjóri, fyrir hönd Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar þakkar þeim fjölmörgu sem komu að björgunaraðgerðum á árinu 2023.